

Ed.

98. Frumvarp

til laga um utanfararstyrk presta.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið veitir árlega 2—5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a. m. k. 2 ár, styrk til utanfara með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnast þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefir kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

3. gr.

Styrkur veitist 2000 kr. hverjum prest. Greiðist helmingur styrks þegar utanför er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

4. gr.

Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuði meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestsþjónustu.

5. gr.

Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn. En þeir umsækjendur, er eigi hafa fengið hann í það sinn, skulu þá, að öðru jöfnu, sitja fyrir styrk næsta ár.

6. gr.

Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeir prestar, sem notið hafa utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, njóta eigi styrks samkvæmt lögum þessum, fyrr en liðin eru 5 ár.